



Invacare Birdie



Notandaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is



Birdi lyftari er notuð til að lyfta fólki úr og í, hjólastóla, rúm, á salerni og af gólfi. Lyftarinn er til með rafknúnu hjólastelli eða fótstilltu hjólastelli. Mikið úrval er af seglum til að nota með lyftaranum.

Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar.




Engin ábyrgð er tekinn ef lyftarinn er notuð til annars en hún er ætluð til. Ekki má setja á lyftarann aukahluti sem ekki eru ætlaðir á þessa gerð.

Fólk sem notar lyftarann ætti að hafa þekkingu og reynslu af því að flytja fólk.

Lyftigeta Birdi er 170 kg.

Vinsamlegast fylgir eftirfarandi ráðum:


- Athugið að erfiðara er að stjórna lyftaranum ef gólf er ójafnt eða teppalagt.
- Ekki keyra fólk í lyftaranum með lyftugálgann í hæðstu stöðu.
- Ekki lyfta fólki sem er staðsett utanvið hjólastellið. Þegar fólki er lyft frá gólfi verður viðkomandi að vera inn í hjólastellinu.
- Lyftið aldrei meiri þyngd en lyftarinn er gefin upp fyrir.
- Tryggið að allar snúrur séu heilar og klemmist ekki þegar lyftarinn er hreyfður til.
- Veljið segl í réttri stærð og með réttan stuðning miðað við þarfir notandans. Passið að seglið sé rétt fest á lyftarann og skiljið fólk aldrei eftir hangandi í seglinu.
- Verjið lyftarann fyrir vatni.



Þegar lyftarinn er fluttur á neyðarstoppið að vera á.

Lyftarinn lagður saman.

- Lækkið gálgann og setjið hjólastellið saman. Ýtið á neyðarstoppið.
- Losið pinnann og tjakkinn frá gálganum. Setjið tjakkinn í spennuna á uppistöðunni og pinnann aftur á sinn stað.
- Setjið bauluna fyrir seglin í spennuna undir mótornum á uppstöðinni.
- Takið úr pinnann í uppistöðinni, losið öryggisfestinguna og leggið stöngina niður. Setjið pinnann aftur í uppistöðuna.
- Lyftarinn getur staðið upp á endann samsettur með bremsuhjólin niður.



Passið að pinninn sé vel settur í, sjá myndir 12 og 13.



Birdi lyftari með fótstillt hjólastell.
Standið fyrir aftan lyftarann og haldið í handfangið.
Stígið á vinstri fótstigið til að opna hjólastellið og hægri fótstig til að loka hjólastellinu.




Birdi + lyftari með rafknúnu hjólastelli.
Notið handstýringuna, takki nr. 3 er til að opna eða loka hjólastellinu.

Sjá myndir á tökkum.handstýribúnaðar

Handstýring á Birdi er með tökkum 1 og 2.

Handstýring á Birdi + er með tökkum 1, 2 og 3.

Takki 1 lyftir gálganum, takki 2 lætur gálgann síga og takki 3 er fyrir hjólastellið.



Díóðuljós á stjórnboxi.

Á Birdi blikkar gula ljósið þegar lyftarinn er í hleðslu en verður stöðugt þegar lyftarinn er fullhlaðinn. Græna ljósið logar stöðugt þegar lyftarinn er í sambandi en verður skært ef ýtt er á takka á handstýringunni eða neyðarlökkun notuð.

Á Birdi + logar græna ljósið stöðugt þegar lyftarinn er í sambandi. Gula ljósið logar þegar lyftarinn hleður sig en slokknar þegar hann er fullhlaðinn.



Að keyra lyftarann.

Standið aftanvið lyftarann og haldið í handfangið. Losið bremsurnar, þá er hægt að draga eða ýta lyftaranum.

Þegar koma þarf tómunum lyftaranum yfir mishæð er betra að draga hann.

Notið ástigið t.d.ef fara þarf með tóman lyftara yfir þröskuld

Notkun á seglum.

Veljið viðeigandi segl fyrir notandann.

Biluð eða skemmd segl má ekki nota.

Ef notandi er í sitjandi stöðu, lækkið gálgann í brjósthæð og færið lyftarann eins nálægt viðkomandi og hægt er.

Tryggið að engin fyrirstaða sé þegar gálganum er lyft.

Lyftarinn á ekki að vera í bremsu þegar lyft er.

Hleðsla á rafhlöðu.

Lyftarinn er með innbyggðu hleðslutæki. Hlaðið rafhlöðuna áður en lyftarinn er tekin í notkun. Mælt er með að hlaða lyftarann reglulega.

Stjórnboxið gefur frá sér hljóð þegar hlaða þarf lyftarann. Hlaðið lyftarann sem fyrst eftir að hljóðið heyrir.

Birdi + er með skjá þar sem sést hve mikil hleðsla er eftir.

Það tekur um 4 klukkutíma að hlaða rafhlöðuna.

Lyftarann þarf að hlaða í herbergi með góðri loftræstingu.

Hleðslan hættir sjálfkrafa þegar rafhlaðan er fullhlaðin.

Takið lyftarann úr sambandi áður en hann er notaður.

Viðhald og þrif.

Lyftarann á að geyma við herbergishita. Raki eða kuldi hefur slæm áhrif á lyftarann.

Ef lyftarinn er skemmdur eða virkar ekki eðlilega, forðist að nota hann og hafið samband við söluaðila.

Þrifið lyftarann með rökum klút og mildum hreinsiefnum.

Neyðarlækkun á lyftara.

Ef handstýring virkar ekki er hægt að lækka lyftarann með því að ýta á takka á stjórnboxinu. Lyftarinn lækkar sig meðan ýtt er á takkann. Á Birdi + þarf að nota blýant eða mjótt áhald til að ýta á takkann.



Birdi neyðarlækkun

Birdi + Neyðar-



Birdi + neyðarlækkun

Neyðarhækkun á Birdi + lyftara.

Ef handstýring virkar ekki er hægt að hækka lyftarann með því að ýta á takka á stjórnboxinu með blýant eða mjóu áhaldi. Lyftarinn hækkar meðan ýtt er á takkann.



Handvirk lökkun á lyftara.

Ef lyftarinn bilar eða rafhlaðan virkar ekki er hægt að lækka lyftarann með því að taka í takkann efst á mótornum.

Miðað er við 75 kg. þungan notanda.

Ef notandi er léttari eða þyngri er hægt að breyta hraðanum með því að losa (eykur hraðann) eða herða (dregur úr hraðanum) skrúfunu á takkanum.



Aðeins er hægt að lækka lyftarann þegar einhver er í honum.



Neyðarstopp.

Ýtið á rauða takkann til að stoppa lyftarann.

Snúið takkanum til að virkja lyftarann aftur.



Ef lyftarinn virkar ekki rétt.

Vandamál	Hugsanleg orsök	Úrræði
Uppistaðan virkar laus.	Öxulskrúfan í uppistöðinni er laus	Hafið pinnann í uppistöðunni og herðið skrúfuna
Hjólin eru hávær	Óhreinindi í hjólunum	Hreinsa hjólin
Liðamótin milli gálga og uppistöðu er hávær.	Vantar smurningu	Smyrjið liðamótin
Mótorinn virkar ekki	Tenging í handstýring eða mótör er laus	Yfirfarið tengingar, festið allt vel.
	Rafhlaða er tóm	Hlaðið rafhlöðuna
	Neyðarstoppið er á.	Snúið takkanum og takið stoppið af.
Heyrist í mótör en tjakkur hreyfist ekki	Mótör er bilaður	Skipta um mótör
Heyrist í mótör en tjakkur hreyfist bara niður	Mótör er bilaður	Skipta um mótör
Stjórnbox gefur frá sé aðvörunarhljóð og gálgi stoppar	Of mikil þyng miðað við burðargetu.	Minnkið þyngdina